

Umsögn Landssamtakanna Proskahjálpar um reglugerð um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda.

26. júní 2017

Landssamtökin Proskahjálpar vilja sérstaklega koma eftirfarandi á framfæri við forsætisráðuneytið varðandi reglugerðardrögin.

Reglugerðin sem ráðuneytið hefur kynnt drög að er sett á grundvelli 4. mgr. 13. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012, með síðari breytingum, en sú málsgrein hljóðar svo:

*Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um það hvernig birtingu upplýsinga skv. 1. og 2. mgr. skuli hagað, þar á meðal um áfanga og tímafresti sem stjórnvöldum eru gefnir til að uppfylla tiltekin markmið og hvernig og hvar upplýsingar skuli birtar. Í reglugerðinni skal einnig útfært hvernig stjórnvöld skuli standa að því að tryggja sambærilegt aðgengi að gögnum sem urðu til fyrir gildistöku laganna. Tryggja skal, eftir því sem kostur er, jafnt aðgengi almennings að birtum upplýsingum og að birting sé samræmd á milli stjórnvalda. **Ráðherra skal jafnframt setja reglur sem tryggja, eftir því sem kostur er, að birting upplýsinga nýtist fötluðu fólki til jafns við aðra.** Reglugerðir ráðherra samkvæmt þessari málsgrein binda einnig sveitarfélögin og stofnanir þeirra. (feitletr. Proskahjálpar).*

Að mati Landssamtakanna Proskahjálpar er í reglugerðardrögunum ekki eða með allt of óljósum hætti kveðið á um „hvernig birtingu upplýsinga skv. 1. og 2. mgr. skuli hagað, þar á meðal um áfanga og tímafresti sem stjórnvöldum eru gefnir til að uppfylla tiltekin markmið og hvernig og hvar upplýsingar skuli birtar“, eins og lögin fela ráðherra að gera.

Í því sambandi benda samtökin á að skipuleg söfnun, úrvinnsla og birting upplýsinga um starfsemi stjórnvalda er forsenda þess að almenningur geti fylgst með því hvernig stjórnvöld sinna verkefnum sem þau bera ábyrgð á og veitt þeim aðhald hvað það varðar á réttum grundvelli. Þessi birting upplýsinga er því afar mikilvægur þáttur í heilbrigðu og innihaldsríku lýðræði.

Þá er augljóst að eftir því sem upplýsingarnar varða veigameiri hagsmuni og réttindi borgaranna verður skylda stjórnvalda til skipulegrar og fullnægjandi söfnunar, úrvinnslu og birtingar upplýsinga ríkari. Sú skylda verður þannig eðli máls samkvæmt mest þegar upplýsingar varða með einhverjum hætti hagsmuni og réttindi sem teljast mannréttindi í skilningi íslenskrar stjórnarskrár og laga og fjölbjóðlegra mannréttindasamninga sem íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að virða og framfylgja. Enda er slík samantekt og birting upplýsinga forsenda þess að mögulegt sé að meta með málefnalegum hætti hvernig stjórnvöld

standa sig við að tryggja borgurunum þau mannréttindi sem þeim ber að njóta samkvæmt lögum og alþjóðlegum samningum. Þess vegna er í fjölþjóðlegum mannréttindasamningum yfirleitt kveðið á um skyldur ríkja til að safna, greina og miðla með skipulegum hætti upplýsingum sem nauðsynlegar eru til að leggja megi mat á hvernig staða mála í ríkinu er m.t.t. þeirra skuldbindinga sem ríkið hefur samkvæmt samningunum

Í samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, sem íslenska ríkið fullgilti sl. haust og skuldbatt sig þar með til að virða og framfylgja er kveðið á um þessar skyldur stjórnvalda í 31. gr. sem hefur yfirskriftina *Tölfræði og gangasöfnun*. Greinin hljóðar svo:

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að safna viðeigandi upplýsingum, þar með talið tölfræði- og rannsóknargögn, sem gera þeim kleift að móta og innleiða stefnu samnings þessa svo að hann nái árangri. Aðferðir við söfnun og varðveislu slíkra upplýsinga skulu:

a) vera í samræmi við lögmætar verndarráðstafanir, meðal annars löggjöf um gagnavernd, til þess að tryggt sé að trúnaðarskylda og virðing fyrir einkalífi fatlaðs fólks sé virt,

b) vera í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar viðmiðunarreglur um vernd mannréttinda og grundvallarfrelsis og siðareglur sem gilda um söfnun og notkun tölfræði.

Upplýsingar, sem er safnað samkvæmt þessari grein, skal sundurliða eftir því sem við á og nota til þess að meta hvernig aðildarríkjunum miðar að því að efna skuldbindingar sínar samkvæmt samningi þessum og til að greina og ryðja úr vegi þeim hindrunum sem fatlað fólk stendur frammi fyrir þegar það hyggst nýta sér réttindi sín.

1. Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndrar tölfræði og tryggja fötluðu fólki og öðrum aðgang að henni.

Þess má geta í þessu samhengi að í í stefnuyfirlýsingu núverandi ríkisstjórnar segir:

„Ríkisstjórnin mun styðja dyggilega við innleiðingu á samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“

Ekki þarf að hafa mörg orð um að þjónusta sem ríki og sveitarfélög eiga að veita fötluðu fólki er mjög oft forsenda þess að það fái notið margvíslegra mannréttinda sem áréttuð eru í samningi SP um réttindi fatlaðs fólks og íslenska ríkið hefur skuldbundið sig til að virða, vernda og framfylgja. Þá er ábyrgð á þessari þjónustu samkvæmt lögum sem íslenska ríkið hefur sett falin mörgum sveitarfélögum og því hvílir sú augljósa og mikilvæga skylda á ríkinu að tryggja eftir því sem kostur er að jafnræðis og samræmis sé gætt milli sveitarfélaga hvað varðar þjónustuna og að ekki sé um mismunun fatlaðs fólks að ræða á grundvelli búsetu þess. Skipuleg söfnun, úrvinnsla og birting upplýsinga þar að lútandi er augljóslega afar mikilvægur þáttur í að stuðla að því.

Þá vill Proskahjálpr sérstaklega benda á að í umræddri 4. mgr. 13. gr. upplýsingalaga segir:

Ráðherra skal jafnframt setja reglur sem tryggja, eftir því sem kostur er, að birting upplýsinga nýtist fötluðu fólki til jafns við aðra.

Í reglugerðadrögunum segir:

Við birtingu upplýsinga að eigin frumkvæði skal gæta þess, eftir því sem kostur er, að birting upplýsinga nýtist fötluðu fólki til jafns við aðra.

Þetta ákvæði í reglugerðardrögunum er efnislega alveg samhljóða ákvæðinu í lögnum en í drögunum er ekkert kveðið á um þetta að öðru leyti og þar er engar reglur að finna sem eiga að „tryggja, eftir því sem kostur er, að birting upplýsinga nýtist fötluðu fólki til jafns við aðra“, þó að í lögnum sé mælt fyrir um að ráðherra **skuli setja slíkar reglur**. Það verður því ekki séð að reglugerðardrögin uppfylli þær kröfur sem leiða að lögnum að þessu leyti.

Augljóst er að ofangreindu ákvæði er ætlað að tryggja að hlutaðeigandi stjórnvöld taki tillit til sérstakra þarfa fatlaðs fólks hvað varðar miðlun upplýsinga, s.s. fólks með þroskahömlun eða sjónskerðingar, enda er það mikilsverður þáttur til að tryggja aðgang fatlaðs fólks að samfélaginu og tækifæri til virkrar þátttöku í því til jafns við aðra. Aðgengi að samfélaginu og tækifæri til virkrar þátttöku án mismununar og aðgreiningar eru meginmarkmið samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem íslensk stjórnvöld, hafa sem fyrr sagði skuldbundið sig til að virða og framfylgja.

Eftirfarandi ákvæði samningsins hafa sérstaka þýðingu hvað varðar umrætt ákvæði upplýsingalaga og reglugerðardraganna:

Í 31. gr. samningsins segir eins og fyrr kom fram:

Aðildarríkin skulu ábyrgjast miðlun fyrrnefndrar tölfærði og tryggja fötluðu fólki og öðrum aðgang að henni.

9. gr. samningsins hefur yfirskriftina „Aðgengi“ og þar eru m.a. þessi ákvæði:

1. Aðildarríkin skulu gera viðeigandi ráðstafanir í því skyni að gera fötluðu fólki kleift að lifa sjálfstæðu lífi og taka fullan þátt á öllum sviðum lífsins, þ.e. ráðstafanir sem miða að því að tryggja fötluðu fólki aðgang til jafns við aðra að hinu efnislega umhverfi, að samgöngum, að upplýsingum og samskiptum, þar með talið upplýsinga- og samskiptatækni og kerfi þar að lútandi, og að annarri aðstöðu og þjónustu sem veitt er almenningi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Fyrrnefndar ráðstafanir, sem skulu meðal annars felast í því að staðreyna og útrýma hindrunum og tálum sem hefja aðgengi, skulu meðal annars ná til:

...

b) upplýsinga- og samskiptaþjónustu og annarrar þjónustu, þar með talið rafrænnar þjónustu og neyðarþjónustu.

2. Samningsaðilar skulu og gera viðeigandi ráðstafanir til þess að:

...

c) tryggja fræðslu fyrir hagsmunaaðila um aðgengismál sem varða fatlað fólk,

...

f) auka við að fatlað fólk fái notið annars konar viðeigandi aðstoðar og þjónustu sem tryggir því aðgang að upplýsingum,

g) auka við aðgang fatlaðs fólks að nýrri upplýsinga- og samskiptatækni og kerfum þar að lútandi, meðal annars Netinu,

h) efla hönnun, þróun, framleiðslu og dreifingu aðgengilegrar upplýsinga- og samskiptatækni og kerfa þar að lútandi frá upphafi til þess að slík tækni og kerfi verði aðgengileg með sem minnstum tilkostnaði.

Með vísan til framangreinds telja Landssamtökin Þroskahjálp augljóst að reglugerðardrögin uppfylla engan veginn kröfur sem leiða af tilvitnuðu ákvæði upplýsingalaga um að ráðherra skuli „jafnframt setja reglur sem tryggja, eftir því sem kostur er, að birting upplýsinga nýtist fötluðu fólki til jafns við aðra“ og skyldur stjórnvalda að þessu leyti samkvæmt samningi SP um réttindi fatlaðs fólks.

Landssamtökin Þroskahjálp telja því nauðsynlegt og óhjákvæmilegt að þau drög að reglugerð um birtingu upplýsinga að frumkvæði stjórnvalda sem forsætisráðuneytið hefur lagt fram til kynningar verði endurskoðuð í ljósi framangreindra, ákvæða laga og mannréttindasamninga, sjónarmiða sem eiga við um framfylgd þeirra og skyldna stjórnvalda sem af þeim leiða. Samtökin lýsa jafnframt yfir áhuga og vilja til að taka þátt í samráði við stjórnvöld um það og vísa í því sambandi til samráðsskyldu stjórnvalda samkvæmt 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks og 3. tl. 4. gr. samnings SP um réttindi fatlaðs fólks.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri